

Sjúklingum hjálpað á fætur og hagrætt í stól.
 Kalli sjúklinga svarað og flutt skilaboð.
 Gefin og tekin bekja. Tekin og merkt sýnishorn af þvagi og saur. Gefin stólpípa.
 Framreiðsla matar. Sjúklingum hagrætt fyrir og eftir máltíðir. Þeir sjúklingar
 mataðir, sem ekki geta borðað sjálfir.
 Búið um lík.
 Umbúðir gerðar.
 Tekin við blómum og öðru til sjúklinga og gestum þeirra leiðbeint.
 Notkun ýmissa hjálpargagna og hirðing á þeim.
 Hirðing á sjúkrastofum, skolherbergjum og lín. Hreinsun ýmissa hjúkrunar-
 gagna. Hirðing á blómum sjúklinga, blómavögnum og blómaskolum.
 Sjúkraliðar mega ekki taka til eða gefa lyf í sjúkrahúsum.

IV. KAFLI ÝMIS ÁKVÆÐI.

15. gr.

Skólanum skal heimilt að hafa námskeið fyrir sjúkraliða.

16. gr.

Kostnaður við rekstur Sjúkraliðaskóla Íslands skal greiddur úr ríkissjóði.
 Stofnanir, sem hafa nemendur í verknámi, skulu greiða þeim laun þann tíma
 samkv. samningi, er nemendur og fjármálaráðuneytið gera með sér. Þær skulu einnig
 sjá nemendum fyrir starfslæðnaði og þvotti á honum.

17. gr.

Á þeim stöðum, þar sem ekki reynist unnt að fá hjúkrunarfræðing til starfa, má
 ráða sjúkraliða til hjúkrunarstarfa um skemmri tíma, og skal hann þá starfa undir
 stjórn læknis. Leita skal samþykkis ráðuneytisins hverju sinni.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 8. gr. hjúkrunarlaga nr. 8/1974,
 öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 542 frá 18. desember 1975.

Heilbrigðis- tryggingamálaráðuneytið 30. október 1980.

Svarar Gestsson.

Jón Ingimarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 291/1979.

1. gr.

Við 11. gr., c-staflið, VI. tölulið bætist eftirfarandi:

„Ákvæði þetta tekur þó ekki til skeiðarsvampa sem innihalda medroxípróge-
 sterónacetat og notaðir eru til að samstillta gangmál hjá ám, enda sé notkun lyfsins
 eingöngu í höndum dýralækis eða frjótækis starfandi við sæðingastöð, en sæð-
 ingastöð má afla sér lyfsins, að fengnu skriflegu samþykki héraðsdýralækis.“

Nr. 587.

960

17. nóvember 1980.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. gr. lyfjalaga nr. 49/1978, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. nóvember 1980.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingólf J. Petersen.

Nr. 588.

17. nóvember 1980.

AUGLÝSING

um smásöluúlagningu á skeiðarsvampa, sem innihalda medroxíprógesterónacetat.

Frá og með 1. desember 1980 skal smásöluúlagning á skeiðarsvömpum, sem innihalda medroxíprógesterónacetat og notaðir eru til að samstilla gagnmál hjá ám, vera 30%. Óheimilt er að taka afhendingargjald fyrir þessi lyf.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. nóvember 1980.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingólf J. Petersen.

Nr. 589.

17. nóvember 1980.

REGLUGERÐ

um greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna.

1. gr.

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða samlagslækni sínum, eða lækni, er í hans stað kann að koma, samkvæmt samningum hlutaðeigandi samlags kr. 760 fyrir hvert viðtal á lækningastofu og kr. 1 580 fyrir hverja vitjun lækni til sjúklings.

Þar sem samið er um greiðslu læknishjálpar fyrir hvert unnið verk dregst þetta gjald frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og vitjanir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 til að öðlast gildi 1. des. 1980. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 435/1980 með sama heiti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. nóvember 1980.

Svavar Gestsson.

Ingimar Sigurðsson.